

REGLUGERÐ

um rannsóknastofnanir við heimspekideild Háskóla Íslands.

I. Rannsóknastofnun í bókmenntafræði.

1. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í bókmenntafræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Stofnunin annast grundvallarrannsóknir í íslenskri og almennri bókmenntafræði: bókmenntasögu, bókmenntalegri fagurfræði og bókmenntagagnrýni.
- b) Stofnunin annast þjóðfélagslegar rannsóknir á íslenskum og almennum bókmenntum.
- c) Stofnunin annast rannsóknir á íslenskum og almennum leikhúsbókmenntum í tengslum við íslenska leiklistar- og leikhússögu, unz sérstakri stofnun yrði komið á fót í þeirri grein.
- d) Stofnunin annast rannsóknir í íslenskri og almennri samanburðarbókmenntafræði, svo og á sambandi bókmennta við aðrar listgreinar, til að mynda myndlist og tónlist.
- e) Stofnunin annast útgáfu bókmenntatexta og fræðiritar um íslenskar og almennar bókmenntir.
- f) Stofnunin gengst fyrir ráðstefnum, námskeiðum til kynningar á fræðilegum nýjungum, rannsóknæfingum og fyrirlestrum og fæst við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geta að því að efla rannsóknastarfsemi stofnunarinnar, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
- g) Stofnunin annast alla kennslu í íslenskum og almennum bókmenntum og bókmenntafræði við heimspekideild, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.
- h) Stofnunin gengst fyrir námskeiðum, æfingum og fyrirlestrum fyrir starfandi skólakennara í þeim greinum, er undir stofnunina falla, og fæst við hvað annað, er gildi getur haft fyrir bókmenntakennslu í skólum landsins.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í bókmenntafræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kýs sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heimspekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skipar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Ágreiningi skal skotið til háskólaráðs.

4. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

5. gr.

Stofnunin er til húsa í Árangarði, unz annað yrði ákveðið, og hefur þar til umráða a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

6. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969, um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

7. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Fastir kennarar í islenskri og almennri bókmenntafræði við heimspekideild Háskóla Íslands.
- b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknum eða kennslu.
- c) Stúdentar, er stunda nám við stofnunina, en stjórnin kveður nánar á um stöðu þeirra.
- d) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

II. Rannsóknastofnun í sagnfræði.

8. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í sagnfræði samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

9. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Að annast grundvallarrannsóknir í sagnfræði og öðrum þeim greinum henni skyldum, sem aðrar stofnanir sinna ekki, eða þá í samvinnu við þær.
- b) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.
- c) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum, rannsóknæfingum, fyrirlestrum og hvers konar annarri starfsemi, er verða megi til gagns fyrir almenning og kennslu í sagnfræði í skólum landsins, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
- d) Að annast útgáfustarfsemi.
- e) Að annast alla kennslu í sagnfræði við heimspekideild, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara, er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í sagnfræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kys sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heimspekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skipar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Ágreiningi skal skotið til háskólaráðs.

11. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

12. gr.

Unz öðruvísi yrði ákveðið, hefur stofnunin til umráða húsnæði í Árnagarði, a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

13. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bókasafnsnefndar og háskólabókavaráðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunarinnar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

14. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Sagnfræðikennarar í fullu starfi við heimspekideild Háskóla Íslands.
- b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verkefnum, rannsóknnum eða kennslu.
- c) Stjórn stofnunarinnar kveður nánar á um stöðu stúdenta í tölu starfsliðs.
- d) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.

Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir. Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuðstöðu.

III. Rannsóknastofnun í norrænum málvísindum.

15. gr.

Við heimspekideild Háskóla Íslands starfar rannsóknastofnun í norrænum málvísindum skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og er hún vísindaleg rannsókn- og fræðslustofnun skv. 1. gr. téðra laga.

16. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) Stofnunin skal annast grundvallarrannsóknir í málvísindum, einkum málfræði norræna mála, sögu þeirra og forsögu. Í tengslum við rannsóknastörfin hefur stofnunin á hendi útgáfu fræðiritra, gengst fyrir fræðafundum og ráðstefnum, námskeiðum til kynningar á fræðilegum nýjungum, rannsóknæfingum og fyrirlestrum, og fæst við hver önnur þau verkefni, er stuðlað geti að því að efla rannsóknastarfsemi hennar, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til.
- b) Unz komið verður á fót rannsóknarstofnun í hljóðfræði, skal stofnunin safna gögnum (segulbandsupptökum o. fl.) um íslenskt nútímatalmál og varðveita þau. Skal í stofnuninni vera aðstaða til að vinna úr þessum gögnum.
- c) Stofnunin skal sinna verkefnum í hagnýtum málvísindum, eftir því sem við verður komið og fé er veitt til, svo sem að annast rannsóknir á verkefnum, er varða móðurmálskennslu í skólum, að gangast fyrir námskeiðum, æfingum eða fyrirlestrum fyrir starfandi skólakennara í þeim greinum, er undir stofnunina falla, og að fást við hvað annað, er hagnýtt gildi getur haft í tungumálakennslu.
- d) Á vegum stofnunarinnar skal fara fram öll sú kennsla við heimspekideild, sem starfsmenn stofnunarinnar hafa með höndum, enda styðjist sú tilhögun við heimild í reglugerð Háskóla Íslands.

17. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum, forstöðumanni og einum öðrum, kjörnum af heimspekideild til þriggja ára í senn úr hópi þeirra háskólakennara, er fullt starf hafa á einhverju fræðasviða stofnunarinnar, svo og einum stúdent, er aðalgrein velur í íslenskri málfræði eða heimaritgerð í henni til B.A.-prófs. Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum, stendur fyrir kjöri hans. Stjórnin kys

sér formann, og skal hann vera annar þeirra stjórnarmanna, er kjörnir eru af heim-
spekideild.

Rekstur stofnunarinnar annast forstöðumaður, skipaður af rektor til þriggja ára í senn að fengnum tillögum heimspekideildar, og skal hann vera úr hópi prófessora deildarinnar, er við stofnunina starfa.

Stjórninni er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir rannsóknasviðum, ef heppilegt þykir og fé og húsnæði er fyrir hendi. Rektor skiptar deildarstjóra einstakra deilda eftir tillögum stjórnar.

Stjórnin hefur umsjón með fjármálum stofnunarinnar, sbr. 4. gr., og gengur frá rekstraráætlun og tillögum til rektors um fjárveitingar til stofnunarinnar. Stjórnin hefur umsjón með rannsóknum og öðrum verkefnum stofnunarinnar, sbr. 2. gr., og fjallar um önnur mál, er varða starfsemi hennar, sbr. 7. gr.

Agreiningi skal skotið til háskólaráðs.

18. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því, sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Styrkir til einstakra verkefna.
- b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
- c) Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. mgr., er háð samþykki háskólaráðs.

Fjármálin heyra endanlega undir rektor og háskólaritara sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. og 4. mgr. 36. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi Háskólans.

19. gr.

Unz öðruvísi verður ákveðið, hefur stofnunin til umráða húsnæði í Árnagarði, a. m. k. einn lestrarsal og eina rannsóknastofu.

Enn fremur ber stofnuninni að vinna að því að tryggja sérstaklega aðstöðu innan vébanda Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns.

20. gr.

Til bókasafns stofnunarinnar skal leggja þann bókakost Háskólabókasafns, er fellur undir fræðasvið hennar, að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar, bóka-
safnsnefndar og háskólabókavarðar til háskólaráðs.

Við stofnunarbókasafnið skal árlega auka í samræmi við fjárveitingu til Háskólabókasafns, enda heyrir stofnunarbókasafnið undir það.

Enn fremur njóti stofnunin þeirrar þjónustu, sem um getur í lögum nr. 38/1969 um Landsbókasafn Íslands, sbr. sérstaklega 1. mgr. 8. gr., þar sem svo er mælt fyrir, að stofnanir Háskólans hafi söfn í sinni vörzlu, sbr. og 2. mgr. sömu greinar, svo og 12. og 13. gr. téðra laga.

21. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

- a) Kennarar í fullu starfi við heimspekideild í þeim greinum, sem undir stofnunina falla, þó ekki erlendir sendikennarar.
- b) Fastur kennari í almennum málvísindum, þar til komið yrði á fót stofnun í þeirri grein.
- c) Erlendur sérfræðingur, er boðið er til starfs við stofnunina, að jafnaði til hálfis eða eins misseris í senn, eftir því sem fé er veitt til. Fela má honum, skv. tillögu stjórnarinnar, takmarkaða, kennsluskyldu að fengnu samþykki deildarinnar.

- d) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, er vinna að tímabundnum verk-efnum, rannsóknum eða kennslu.
 - e) Stjórn stofnunarinnar kveður nánar á um stöðu stúdenta í tölu starfsliðs.
 - f) Annað starfslið eftir því, sem háskólaráð ákveður.
- Forstöðumaður, deildarstjórar svo og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan Háskólans eða eftir nánari ákvörðun, þegar fært þykir. Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, sbr. háskólaireglugerð nr. 76/1958, 87 gr., og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 13. apríl 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39 24. marz 1965.

1. gr.

11. gr. orðist svo:

Þeir einir hafa rétt til að gera uppdrætti, skv. 8. og 10. gr., er hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar.

Byggingarnefnd veitir slíka löggildingu eftirtöldum aðilum: Arkitektum og byggingarverkfræðingum, hvorum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefndin úr. Heimilt er nefndinni að ákveða í löggildingu hverju sinni, hve viðtækt verksvið aðila megi vera. Til löggildingar þarf a. m. k. eins árs starfsreynslu, er byggingarnefnd telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Þá veitir byggingarnefnd eftirtöldum aðilum löggildingu: Byggingartæknifræðingum, byggingarfræðingum og mönnum, er hafa svipaða menntun að dómi byggingarnefndar, hverjum á sínu sviði. Rísi ágreiningur um verksvið, sker nefndin úr. Til löggildingar samkvæmt þessari málsgrein þarf 2½—5 ára starfsreynslu, sem nefndin telur fullnægjandi. Heimilt er að taka gilda að nokkru leyti starfsreynslu erlendis.

Byggingarnefnd getur áskilið, áður en hún veitir löggildingu, skv. þessari grein, að umsækjandi hafi sótt námsskeið um íslenska byggingarlöggjöf og annað, sem hún telur, að skipti sérstöku máli við mannvirkjagerð á Íslandi.

Þeir, sem rétt hafa til að gera uppdrætti, er samþykkt þessi öðlast gildi, skulu halda rétti sínum. Sama rétt skulu þeir og fá, sem rétt hafa til að kalla sig byggingarfræðinga, skv. lögum nr. 78/1968, þegar samþykkt þessi öðlast gildi.

Sá, sem uppdrátt gerir, skal undirrita hann eigin hendi, og ber hann ábyrgð á, að uppdráttur sé réttur og gerður samkvæmt gildandi lögum og reglum og brjóti ekki í bág við rétt annarra.